

viðtalið


Rætt við Steinunni Þórarinsdóttur listakonu, sem nú sýnir að Kjarvalsstöðum:

„Hefur tjáningin ekki notagildi ef hún er sönn?“

Mikið var um að vera á Kjarvalsstöðum um síðustu helgi, en þá opnuðu 3 myndlistarmenn einkasýningar í sölu hússins. Einar Hákonarson sýnir 56 ollumálverk í stóra salnum og þau Steinunn Þórarinsdóttir og Karl Júlíusson sýna þrjú verk í hlífarsalnum.

Sýning Steinunnar Þórarinsdóttur hefur vakið sérstaka athygli fyrir frumlega efnismæferð, ekki síst skúlptúrar hennar í brenndum leir og gleri, þar sem hún teflir saman ólíkum eiginleikum leirsins og glersins af mikilli næmni.

Steinunn er fædd 1955 og



Steinunn Þórarinsdóttir speglast í verki sínu „The Rhythm Of Life“ — Hrynjandi lífsins.

stundað nám í Portsmouth á Englandi frá 1974–1979, og síðar sem gestanemandi á myndlistarakademíunni í Bologna á Ítalíu veturinn 1979–80.

Við náðum tali af Steinunni á sýningu hennar að Kjarvalsstöðum og spurðum hana fyrst um nám hennar í Portsmouth:

— Ég var fyrst einn vetur í forskóla í Portsmouth, en tók síðan B.A.-próf frá listaháskólanum þar. Það var fjögurra ára nám, og þar af vannég eingöngu að skúlptúrgerð og leirbrennslu í tvö ár. Lokaritgerð mín fjallaði um íslenskt efni — huldulokstrúna og áhrif hennar á íslenska myndlist t.d. hjá Jóhannesi Kjarval og Einari Jónssyni. Það er eitt af sérkennum is-

lenskrar menningar, að fólk hefur til skamms tíma talið það sjálfgefinn hlut að huldur vættir búi í klettum, og þessi hugmynd hefur líka haft mótandi áhrif á mig. Þær persónur sem ég hef mótad í leirinn eru eins konar huldulok, og þau áhrif, sem ég hef leitast við að ná fram í áferð myndanna eiga sér líka rætur í íslenskri náttúru.

— Þú teflir líka saman brenndum leir og gleri í myndum þínum. Hefur glerið þá einhverja tákuræna merkingu í verkum þínum?

— Ég nota speglana til þess að gefa hið ómeðvitada til kynna. Speglnir í myndunum Persóna I og II eiga að gefa viðbendingu um hina ytri og hina innri mynd mannsins, um það

sem við sýnum og það sem við sýnum ekki. Þar sem ég nota gagnsætt gler, þá geri ég það vegna þess að það er ákveðin fyrirstaða, sem þú sérð þó í gegnum. Það myndar mótvægi við leirinn og gefur honum nýja vídd.

Annars er ég á móti því að skilgreina myndirnar um of, t.d. með þröngri nafngift, því það þrengir þær skírskotanir og þá túlkunarmöguleika sem felast í verkinu gagnvart áhorfandanum.

— Hvaða áferð notar þú til þess að fá þessa sérkennilega áferð á leirinn?

— Ég hef notað japanska brennsluáferð, sem kallast Raku-brennsla. Hluturinn er fyrst brenndur í venjulegum

ofni við um 1000 gráðu hita, og síðan er hann brenndur aftur í ofni, sem ég hleð upp úti í garði hjá mér úr múrsteini og hita með tveim gaslogum upp í 7–800 gráður. Síðan tek ég hlutinn glóandi úr ofninum og kasta yfir hann sagi sem brennur inn í leirinn og gefur honum þessa svörtu og jarðbundnu áferð. Það þarf 2 til 3 til að vinna þetta verk og mikið er undir því komið að gripið sé inn í brennsluna á réttu augnabliki.

— Hvernig ferðu að því að móta glerið?

— Það er einfalt, — ég bý til gipsmót, hita það í ofni og legg yfir það glerplötu sem bráðnar yfir gipsmyndina og tekur mót af henni.

— Ein myndin á sýningunni er unnin í tauí og gipsi og sýnir persónur er hanga í þráðum. Hvaðan eru þessar persónur ættadar?

— Þetta er draumur, sem mig dreymdi þegar ég var að hugsa um annað verk. Við getum kannski sagt, að þetta sé draumur um frelsi — eða ófrelsi — hvernig mönnum er stýrt eins og leikbrúðum.

— Hefur þú gert þessar myndir með ákveðið umhverfi í huga?

— Nei, ekki beint, — en þær þurfa ákveðið rými. Þriðja viddin krefst þess, að hægt sé að ganga í kringum verkið. Ég hugsa ekki fyrirfram um það hvort verkið sé meðfærilegt eða passi á ákveðinn stað. Slíkar forsendur hindra mig í því að vera fullkomlega einlæg.

— Hafa myndir þínar notagildi?

— Leirinn hefur hefð fyrir það að vera notaður í brúksluti og fólk gerir oft kröfur til þess að hægt sé að nota keramikhluti, t.d. til þess að drekka úr þeim eða stinga í þá kert. Mínar myndir hafa ekki slíkt notagildi, en þær hafa notagildi fyrir mig sem hver önnur tjáning. Hefur tjáningin ekki notagildi í sjálfri sér ef hún er sönn?

— Er myndlistin í dag að ryðjast inn á ný svið og opna nýja tjáningarmöguleika?

— Það hafa átt sér stað miklar hræringar í myndlistinni á undanförunum árum, og það er bæði jákvætt og nauðsynlegt til þess að vekja fólk. En það er ekkert nýtt að myndlistarmenn reyni að rjúfa þann ramma, sem myndlistinni hefur verið settur. Fólk hefur alltaf fundið ástæðu til þess að hneykslast á myndlistinni, og það er bara góðs viti.

— Hefur þú orðið fyrir áhrifum frá ákveðnum skóla eða listamönnum í starfi þínu?

— Ég held að þau áhrif sem ég hef orðið fyrir komi mest frá umhverfinu og fólkinu í kring um mig. Áhrif eru oft ómeðvitad og erfitt að skilgreina þau. Ég get ekki nefnt neina ákveðna listamann í því sambandi.

— Þú hefur bæði stundað nám og sýnt á Ítalíu. Hvað geturðu sagt okkur af Ítalíudvölinni?

— Ég var gestanemandi í myndlistarakademíunni í Bologna og hafði þar fyrst og fremst vinnuástöðu. Á Ítalíu er margt að sjá í myndlist, bæði gamalli og nýrri. Ég skoðaði mikið af söfnum og meðal þess minnisstæðasta eru höggmyndir Michelangelos í Akademíunni í Flórens og rústirnar í Pompei eða leikhús Palladíos hjá Vicenza. og mósalkmyndirnar í Ravenna. Annars er Ítalía svo auðug af myndlist, að sá fjársjóður verður seint fullskoðaður.

Ég sýndi með um 20 Íslendingum sem tengdir voru Gallerí Sudurgata 7 og Nýlistasafninu í Galleria Zona í Flórens 1979. Þessari sýningu var vel tekið, en þetta frumkvæði okkar nauðgildi skilnings hér heima, þannig að sýningin var að mestu kostuð af listamönnum sjálfum. Við myndlistarmennirnir erum illa settir hvað það snertir, að þótt myndlistin sé fullt starf, þá gerir kerfið ekki ráð fyrir því að það sé launað öðruvísi en með þeim kjörum sem gilda á frjálsum listaverkamarkaði. Sá markaður verkar ekki örvasandi á frjóa og skapandi myndlist.

— Ólg.

Öldungar á flakki



Myndasaga eftir EMIL & HALLGRÍM


8

EN SVO SENDIR MANN ÞÁ Í BURTU EFTIR AÐ Hafa FÆTT ÞÁ OG KLÆTT OG GEFID ÞEIM DÝRAR GJAFIR.



SKÖMMU SEINNA ERU ÞEIR YFIR EYÐIMÖRK.


EN LEITINNI AÐ STROKUMÖNNUNUM ER HALDID ÁFRAM.



Loftmengun! Alltaf ertu jafn svartsýn.




Guð, ef þú hefur nú rétt fyrir þér?



Hugsaðu þér ef það kæmi nú ferskur vindgustur og ruglaði jafnvæginu í loftinu. Hvað yrði þá um okkur?



Hugsaðu þér ef það kæmi nú ferskur vindgustur og ruglaði jafnvæginu í loftinu. Hvað yrði þá um okkur?



FOLDA